

Hvað segja samningsaðilar um áhrif samninga um aflamark Byggðastofnunar?

Tálknafrörður/Patreksfrörður

„Fyrst er að nefna mikilvægi þess að samningurinn er til sex ára sem eykur fyrirsjáanleika og festu. Með því móti tekst að vinna að betri langtímaáætlunum og auka festu í rekstrinum. Fjárfestingar í tæknibúnaði og þekkingu verða einfaldari og gerðar af meira öryggi.

Útgerð styrkist einnig og eykur tekjumöguleika sjómanna. Þá hefur aukið aflamark tryggt lengri vinnslutíma í landframleiðslu og stýttist sá hluti ársins þar sem glímt er við hráefniskort og hátt hráefnisverð.

Íbúapróun á svæðinu hefur verið jákvæð í mörg ár og þó að öflugt laxeldi hefur haft þar mikil áhrif, hefur stöðugleiki í bolfiskveiðum og vinnslu haft sitt að segja. Jafnframt er atvinnulífið að vera fjölbreyttara. Mikilvægur hluti þess er að atvinnuþátttaka frá Tálknafrirði hefur haldið áfram og þannig komið í veg fyrir fólksflóttu í framhaldi af samdrætti í útgerð þar. Þetta hefur tryggt meiri útsvarstekjur og hafnartekjur í Tálknafrirði og styrkt það sveitarfélag. Við höfum tekið þátt í flutningi starfsmanna á milli fjarða sem og flutnings og afgreiðslu hráefnis. Allt þetta tryggir öflugra atvinnulíf og öruggari lífsafkomu. Styrkur öflugra atvinnulífs hefur kallað á eftirspurn eftir íbúðar- og atvinnuhúsnæði og verð á fasteignum hefur hækkað verulega á s.l. árum.

Sterkara atvinnulíf leiðir svo út í samfélagið aukinn styrk og má greina að félagasamtök og íþróttasamtök njóta góðs á mörgum sviðum s.s. fjárstyrki og annan stuðning.

Við gerum okkur grein fyrir að þegar afhent eru verðmæti eins og aflamark Byggðastofnunar að því fylgir ábyrgð og erum vel meðvitaðir um að við eigum að fara vel með þau verðmæti og nýta sem best fyrir samfélagið sem það er ætlað að styrkja. Byggðakvóta er ætlað að tryggja byggðir og með það í huga verður áfram haldið að vinna á sömu braut. Með samning um byggðakvóta tekst einnig að vinna á móti verulegum samdrætti í þorskkvóta, en hann hefur minnkað um 35% frá árinu 2018.“

Skjöldur Pálmason framkvæmdastjóri Odda hf.